

SELJASÓKN

Hagaseli 40
109 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. *p* 121 / 1117
komudagur 19 / 3 1997

Nefndasvið Alþingis
Frú Sólveig Pétursdóttir, formaður allsherjarnefndar
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 18. febrúar 1997

Sóknarnefnd Seljasóknar í Reykjavík þakkar erindi yðar, dagsett 20. febrúar 1997, þar sem óskað er umsagnar um tvö lagafrumvörp, 301. mál um stöðu og starfshætti þjóðkirkjunnar og 302. mál um biskupskosningu.

1. Mál 301

Meðfylgjandi er umsögn um “Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar”, eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi á 121. Löggjafarþingi 1996-97. Eins og fram kemur er umsögn þessu unnin af starfshópi kjörnum af samtökum sóknarnefnda í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmum. Umsögn þessi er í öllu samhljóða skoðunum sóknarnefndar Seljasóknar. Á fundi sóknarnefndar þann 13. mars 1997 var samþykkt að að gera umsögn þessa að umsögn Seljasóknar um frumvarpið og var formanni falið að koma þeim upplýsingum á framfæri við allsherjarnefnd Alþingis.

Sóknarnefnd Seljasóknar mælir með að frumvarpið verði samþykkt að teknu tilliti til þeirra athugasemda og breytingartillagna sem fram koma í meðfylgjandi umsögn.

2. Mál 302

Sóknarnefnd Seljasóknar mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

F.h. sóknarnefndar Seljasóknar



Friðrik Alexandersson
formaður